

Íslenska vitafélagið

Skýrsla stjórnar 2012 Starfsárið 2011-2012

Stjórn og stjórnarfundir

Aðalfundur Íslenska vitafélagsins 2011 var haldinn 12 mars í Haukshúsi á Álftanesi. Kosin var ný stjórn sem er þannig skipuð: Sigurbjörg Árnadóttir formaður, Magnús Skúlason varaformaður, Valdimar Harðarson ritari, Sigrún Klara Hannesdóttir gjaldkeri og Jón Ragnar Daðason meðstjórnandi. Varamenn eru: Sigríður Arna Arnþórsdóttir og Agnes Stefánsdóttir.

Stjórnarfundir á árinu voru sex, ýmist í Reykjavík eða símafundir. Auk þess voru haldnir margir fundir við undirbúning á Strandmenningarhátíðinni Sail Húsavík en Íslenska vitafélagið var aðili að undirbúningi þess og hugmyndasmiður að skipulagningu norrænna strandmenningarhátíða.

Starfsemin

1. Sail Húsavík

Stærsta viðfangsefni ársins 2011 var fyrsta norræna strandmenningar-hátíðin sem haldin var á Húsavík 16-23 júlí 2011. Vitafélagið var aðili að stofnun félags undir heitinu Sail Húsavík ásamt Norræna húsinu og Garðarshólmi. Heimili og varnarþing félagsins var hjá Norræna húsinu og í reynd annaðist Norræna húsið fjármál hátíðarinnar. Sigurbjörg Árnadóttir var framkvæmdastjóri hátíðarinnar frá upphafi undirbúnings og til október 2010 er henni var sagt upp störfum. Sigrún Klara Hannesdóttir sat í stjórn frá nóvember 2010 og til maí 2011 er Magnús Skúlason tók við setu í stjórn. Vitafélagið annaðist málþing og ráðstefnu sem hluta af dagskrá Sail Húsavík en bar ekki ábyrgð á öðrum þáttum hátíðarinnar. Þó gengið hafi á ýmsu í undirbúningi og samstarfi við heimamenn þá gekk hátíðin stórslysalaust fyrir sig. Stjórnarmenn Vitafélagsins tóku það frumkvæði að bjóða norrænum gestum hátíðarinnar bæði handverksfólki og fleirum er tengdust MS Sjökurs í ferð til Mývatns og til Siglufjarðar.

2. Fyrirlestrar og fræðsluerindi

Vetrardagskráin 2010-2011 og 2011-2012 var með hefðbundnu sniði og voru fræðslukvöld félagsins sem að venju voru haldin í Sjóminjasafninu Víkinni haldin einu sinni í mánuði. Góður rómur var gerður að þeim öllum og nú leitar stjórnin leiða til að efla aðsókn enn frekar. Veturinn 2010-2011 voru haldin eftirfarandi dagskrár: *Hann á afmæli hann Óðinn!* Í tilefni 50 ára afmælis Óðins verður vegleg dagskrá honum til heiðurs. Guðmundur Hallvarðsson, fyrrv. alþingismaður og formaður Hollvinasamtaka Óðins heldur ræðu, lesið verður úr nýútkominni bók um skipið, sýnd ný kvikmynd (25 mín) um sögu þess og fyrrum skipverjar ganga með gestum um skipið.

Sail Húsavík – norræn strandmenningarhátíð. Kynning á fyrstu norrænu strandmenningarhátíðinni. Sigurbjörg Árnadóttir kynnti.

Örfirisey. Í Örfirisey hefur verið verslun, lýsisbræðsla, frystihús, sundlaug, hagaganga, aðsetur bandaríska hersins og að árið 1799 gekk yfir svo nefnt Bátsendaveður sem eyddi þar allri byggð um sinn. Sigrún Magnúsdóttir flutti.

Farandverkafólk og sjókonur fyrri alda

Sigurlaug Gunnlaugsdóttir, sagnfræðingur fjallar um farandverkafólk í sjávarútvegi og hagsveiflur á áttunda áratug. Fast þær sóttu sjóinn. Ragnhildur Bragadóttir, sagnfræðingur segir frá sjókonum fyrri alda sem settust undir árar og fæddu jafnvel börn á sjó

Eftir aðalfund Íslenska vitafélagsins var dagskrá um *bátasmíði og siglingar* og síðan gengið verður um Álftanes.

Selatangar.

Bardagi á Básendum og stríð í Grindavík. Um vopnuð átök Englendinga og Þjóðverja vegna fiskveiða og fiskverslunar í Grindavík og á Básendum sumarið 1532. Jón Þ. Þór sagnfræðingur.

Forn verstöð nýlegra minja - yfirsýn. Ómar Smári Ármannsson fjallar um Selatanga sem heilstætt og afmarkað atvinnusvæði, hinar miklu breytingar sem orðið hafa á svæðinu frá fyrstu tíð til 19. aldar minjanna, sem nú sjást, svo og önnur sambærileg minjasvæði í nágrenninu.

Selatangar - friðlýstar fornleifar samkvæmt þjóðminjalögum. Hvað þýðir það og hvað takmarkanir og möguleika hefur það í för með sér? Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur hjá Fornleifavernd ríkisins.

Pétur Halldórsson, dagskrárgerðamaður hjá RÚV tók upp fyrirlestrana.

Veturinn 2011-2012 voru eftirfarandi fyrirlestrar haldnir:

Menning og mannréttindi sjávarbyggða: Níels Einarsson: Mega bátar rugga?

Myndmál, menning og mannréttindi í umræðunni um fisk og fólk á Íslandi.

Lífið í sjávarþorpi fyrir og eftir kvóta: Linda María Ásgeirsdóttir.

Æðarrækt og strandnytjar: Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir, atvinnu- og nýsköpunarráðgjafi hjá Bændafélaginu.

Síld, síld, síld. Steinar Lúðvíksson: Síldveiðar frá félagsfræðilegu sjónarmiði.

Síldarstelpa fer í skóla: Sigrún Klara Hannesdóttir.

Þorramatur og lýsi: Sólveig Ólafsdóttir og Laufey Steingrímsdóttir.

Fjörumatur: Friðrik V. Karlsson

Hafið, fjaran og fólkíð. Menningararfleifið, tækifæri og ógnir sjávarbyggða.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Ísafirði

3. Útgáfa og vefupplýsingar

Fréttabréfið

Vitafélagið gaf út tvö hefti af Fréttabréfinu. Annað var gefið út að vori og með því fylgdi aðalfundarboð og reikningur fyrir ársgjaldi. Hitt heftið var gefið út að hausti og fylgdi því vetrardagskrá félagsins.

Fyrirlestrar frá Sail Húsavík.

Ákveðið var að gefa út fyrirlestra þá sem voru fluttir á Sail Húsavík ráðstefnunni.

Verða fyrirlestrarnir gefnir út á Norðurlandamálunum og munu norrænu félögin skipta með sér útgefnum eintakafjölda.

Vefurinn www.vitafelagid.com

Ýmiskonar vandamál voru varðandi hýsingu á vefnum og var hann lokaður í lengri tíma eftir síðustu áramót. Félagið þarf mjög á vefstjóra að halda sem gæti gert nýjar vef og bætt inn á hann nýjum upplýsingum.

Facebook.

Vitafélagið er nú þegar með síðu á Facebook sem varð vinsæl strax og síðan hefur nú 2750 vini sem virðast fylgjast með því sem sett er á síðuna.

4. Ályktanir og hvatningar til opinberra aðila

Vitafélagið sendi ályktun til menntamálaráðuneytis um stefnumótun í varðveislu strandmenningarverðmæta. Formaður og fulltrúi félagsins áttu fund með sitjandi menntamálaráðherra Svandísi Svavarsdóttur og Ragnheiði Þórarinsdóttur 13 október 2011. Vill Vitafélagið beina athygli ráðamanna að nauðsyn þess að gætt verði að varðveislu strandmenningarverðmæta áður en nýtt frumvarp um fornminjar verður að lögum. Mikið skortir á að til sé heildarstefnumörkun varðandi verndun strandminja við Ísland og er Noregur góð fyrirmynd að slíkri stefnumörkun.

Vitafélagið sendi bréf til Faxaflóahafna þar sem hvatt er til að endurskoða slippreitinn við Reykjavíkurbær og að dráttarbraut í einhverri mynd verði á hafnarsvæðinu.

Áskorun var send til Alþingis, menntamálaráðherra og sveitarfélaga á Íslandi um að huga með markvissum hætti að varðveislu íslenskra trébáta og skipa, en á liðnum árum hefur of mörgum merkum bátum verið fargað og margir slíkir bátar liggja nú undir skemmdum. Í þeim bátum sem nú hrörna eru fólgin menningarverðmæti og arfleifð handverks, sem skylt er að varðveita. Þess vegna er brýnt að opinberir aðilar leggi sitt að mörkum við varðveislu báta sem ekki mega eyðileggjast.

5. Umsóknir um styrki til starfseminnar

Eyrarrósir

Auglýst hefur verið eftir umsóknum um Eyrarrósina sem Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands standa saman að. Eyrarrósina fær eitt afburða menningarverkefni á starfssviði Byggðastofnunar á landsbyggðinni. Félagið fékk ekki styrkinn.

Menntamálaráðuneytið

Auglýstir voru styrkir til starfsemi félaga sem starfa á sviði menningar- og umhverfismála. Félagið sótti um styrk en fékk ekki.

Pokasjóður.

Félagið sótti um styrk til starfseminnar en ekki hefur frést af úthlutun.

6. Samstarf við aðra aðila

Sveitarfélagið Garður

Vitafélagið tók þátt í tveggja helga dagskrá í og við vitana í Garði. Síðustu helgi febrúar lásu rithöfunda úr verkum sínum í lýðveldisvitanum og nemendur Tónlistarskólans fluttu þar tónlistaratriði. Að utan var vitinn og næsta umhverfi baðað ævintýraljóma sem Norðanbálmenn sáu um og gestir, sem voru á annað hundrað, gæddu sér á heitu kakói og vöfflum. Síðari helgina var leikurinn endurtekinn en í lokin var svo haldin mikil tónlistarhátíð á Byggðasafninu þar sem valinkunnir tónlistarmenn héldu uppi fjögurra tíma dagskrá innan um báta og aðra gamla muni. Um 300 manns

sóttu tónleikana. Á dagskrá er nú að félagið í samstarfi við heimamenn og Siglingastofnun komi ljóshúsi á gamla vitann þannig að hann geti aftur stoltur horft út yfir Atlantsála.

Samtök íslenskra sjóminjasafna

Formaður sendi erindi til Samtakanna og óskaði eftir samstarfi. Var málið rætt á stjórnarfundum samtakanna. Áhugi er á að stofna tengslanet fyrir alla þá sem sinna íslenskri strandmenningu eins og gert er á Norðurlöndunum og með því að vinna saman væri e.t.v. hægt að ráða starfsmann sem sæi um sameiginlega vefsíðu og önnur sameiginleg verkefni.

Norrænt samstarf

Ebeltoft - strandmenningarhátíð er í undirbúningi. Eimskip hefur gefið viljrði fyrir því að flytja 42 feta gám til Danmerkur með framlagi Íslands. Rætt hefur verið um ýmislegt framleitt er á Íslandi, mat (saltfisk, harðfisk), dún og hlunnindaframleiðslu, lyf og bætiefni unnin úr íslenskri náttúru (lýsi, hafkalk, þamjöl, o.s.frv.) listaverk og handverk unnið úr roði, beini, þangi o.s.frv. Formaður hefur sótt þrjá undirbúningsfundi fyrir Ebeltoft-hátíðina, tvo í Danmörku og einn í Karlskrona, Svíþjóð.

Norræn samtök strandmenningarfélaga og sjóminjasafna. Í bígerð er að stofna norræn samtök grasrótarfélaga í Ebeltoft sem starfa á þessu sviði. Á Íslandi er aðeins Vitafélagið starfandi, en einnig hefur formaður talað við Eirík á Sjóminjasafninu og Jón Sigurpálsson fyrrverandi formann Samtaka um sjóminjasöfn til að kanna áhuga þeirra. Undirtektir á Norðurlöndunum hafa verið mjög góðar. Búið er að setja upp vef, www.nordiskkustkultur.net sem getur orðið sameiginlegur vettvangur fyrir þessi væntanlegu samtök.

Eitt aðalverkefni þessara samtaka verður að standa vörð um strandmenningu þjóðanna og standa að árlegri hátíð, efla samskipti og samstarf á þessum vettvangi. Áhugi er á að koma smíði og aðferðum við gerð trébáta á Norðurlöndunum á heimsmínjaskrá UNESCO.

Sigurbjörg Árnadóttir
12. maí 2012